

Ekki er s  r sin best

Heims s mar og  deilulj đ

Dr. Guðmundur Sæmundsson fv. aðjunkt við Háskóla Íslands

EKKI ER SÚ RÓSIN BEST  
Heimsósómar og ádeiluljóð  
Bók og hljómdiskur

© 2017: Guðmundur Sæmundsson, Bláskógar Seltjarnarnesi.  
Kápa og umbrot: Guðmundur Sæmundsson og Hreiðar Þór Sæmundsson, Bláskógar.  
Upplstur: Guðmundur Sæmundsson.  
Prentun: Samskipti hf, Reykjavík.  
Hljómdiskur: Samskipti hf, Reykjavík.

# EKKI ER SÚ RÓSIN BEST

Heimsósómar og ádeiluljóð

Guðmundur Sæmundsson

BÓK OG HLJÓMDISKUR

Bláskógar

2017



---

# LJÓÐASKRÁ

---

Eitt land – mitt land	7
Í landi hins fullkomna ljóðs	9
Íslensk stjórnmal	11
Óður til græðginnar	12
Guð! Eru komin jól?	14
Í orðastað séra Friðriks	16
Úr raunasögu vinstri flokka	18
Alþýðusvikarar	22
Bitlingar	23
Á fyrsta degi skólans	24
Landhelgissöngur	25
Til þín, Kampútsja!	26
Til félaga Ermíasar í Eritreu	28

	<b>Þýdd ljóð 30</b>
	Óður til Bauna 30
	Dauðinn 33
	Fyrir þá ríku – af hinum ríku 34
	Ruslahaugurinn 35
	Ströng er lífsins leið 36
	Tímarnir breytast 37
	Hitler – hin vitiborna moldvarpa 38
	Ég sé ... 39
	Verslanahverfið 40
	Í skógum verslananna 42
	En vér lifum 43
	Apartheid 44
	Borg friðar 45
	Regn í Hírósíma 46
	Af manndráparaætt 48
	Á eftir 49
	Á almennum fundi 50
	Innlegg í baráttu dagsins 51
	Fangelsi er ekki staður fyrir fólk 52
	Ákæra við múrinn 54
	Barn 56

	<b>Eftirmáli - Félagsljóð 57</b>
	1101 árs afmæli Íslandsbyggðar 57
	Landhelgisaksjónistarnir í Ósló 1972-1973 61

## Eitt land – mitt land

Eitt nakið land með logn í vík  
og ljósan hatt á kalli  
lagði af stað með léttan mal  
í ljósaskiptum kvöldsins  
Í hafið sökk það til að sjá og heyra  
sanna visku neðan lands og eyra

Á hafsins botni hús á hverjum steini  
harla dimmt og grimmdar slóð í felum  
en landið mitt það hratt burt öllum hættum  
og hjó sér leið að sjávarguðsins stalli

Komdu sæll, minn sjávarguð  
þú sérð að ég er kominn  
Gef mér bita af borði þín  
og bjóddu mér í höllu  
Ég vil nema fræðin fús og hlýðinn  
fara með og varpa birtu á lýðinn

Reis þá sjávarguð af sínum tróni  
Svo leið stund – hann horfði fast á landið  
spýtti galli, glennti kjaft og sagði:  
Gakk til sætis. Hér er krásafjöldi

Eitt sviðið land með logn í vík  
Ljósin sýndust blása  
Í höllu gekk með grænum lit  
og gráma draums og písla  
spurði: Á ég fræðin fús að læra?  
Fólkið svarar: Dúlla-salla-væra

Þau gengu inn, mitt land og landsins drottinn  
um langar stofur, kompur, búr og sali  
Þau gengu að borðum, blöstu við þeim kjúkur  
beinagrindur, kúpur, tær og mergur

Þá ældi land og spýju spjó  
og spennti greipar frómar  
Hljóp af stað og hentist út  
og happi þóttist fagna  
að losna svona létt og vel  
frá lygum, svikum, hafsins vél

En gangar reyndust langir, salir luktir  
og leiðin brott var hulin sjónum tærðum  
Þá leit það upp af góðum vana og gömlum  
en guðs þess loft var þakið allt með punktum ...



## Í landi hins fullkomna ljóðs

Í landi hins fullkomna ljóðs  
er haldin hátíð í dag

Vinur  
hví tekurðu ekki þátt  
í hátíðahöldunum?  
Hví samgleðstu ekki þjóð þinni  
vegna afmælis  
Íslandsbyggðar?

Finnst þér þjóðin  
sem fagnar gjöfinni  
hafa glatað henni?  
Finnst þér bláminn í augunum  
ekki jafn sannur og þá?  
Finnst þér ást varanna  
ekki jafn heit og þá?  
Finnst þér orð leiðtoganna  
ekki jafn hrein og þá?  
Hefurðu lagt í vana þinn  
að horfa um of aftur  
af vörubílsfalli lífsins?  
Hefurðu fengið of stóran skammt  
af elixír pólitíkusanna?  
Hefurðu fengið of lítinn mat  
fyrir aurana þína?

Vinur  
hví tekurðu ekki þátt  
í hátíðahöldunum?

Í landi hins fullkomna ljóðs  
er haldin hátíð í dag

Ertu of lítill til að gleðjast  
vegna hins smáa  
sem er horfið?

Ertu of stór til að gleðjast  
vegna hins smáa  
sem þú hefur?

Vinur  
hví tekurðu ekki þátt  
í hátíðahöldunum?

Í landi hins fullkomna ljóðs  
er haldin hátíð í dag.

## Íslensk stjórnmál

Stjórnmál þjóðinni steypa  
svo stingst á bólakaf  
af græðgi í veg og völd  
Svikin sálirnar gleypa  
sælu breyta í draf.  
Því tárast kinnin köld  
Hégómleiki, fals og heimskuþankar  
Höndin blauð í eigin pyngju sankar  
Þjóðin seint af þrautasvefni rankar  
Hún þykist sæl ef áfram hagnast bankar

Lýðræði kerfið sitt kalla  
sem kunna að svíkja grið  
með lygum og laumuspil  
Veikustu vígin þá falla:  
Von um sátt og frið  
nú fokin er fjandans til  
Flokksvél hafa fólin leitt til valda  
fégirnd dýrka, smjaðri og bugti tjalda  
Alþjóð fær með skorti og skömm að gjalda  
Skrumskælt frelsi, grimmdin harða og kalda.

## Óður til græðginnar

Græðgi  
er öllum löstum verri  
í samfélagi manna

Umhyggja fyrir heilsu og líðan Siggú litlu og Ólafs gamla  
hefur vikið fyrir fjárhagslegum hagsmunum  
Heilbrigðiskerfinu blæðir fólki til ólífis  
Barnavernd viku fyrir hagsmunavernd ríkisbubba  
Umönnun aldraðra er sett á sveittan klaka  
Peningarnir þurfa að fara í annað

Sigurveig kennari er illa launuð  
nær ekki endum saman  
skólinn hennar berst í bökkum  
menntun barnanna er komin í baksætið  
ef ekki aftur í skott á samfélagsbílnum  
fjárhagslegir hagsmunir segja ráðamenn

Unga parið Alla og Dóra fær ekki þak yfir höfuðið  
né peninga til að safna sér fyrir útborgun  
Leigumarkaðurinn heimtar hálf mánaðarlaun vinnandi  
fólks

Bankarnir lána aðeins gegn okurvöxtum  
Samfélagið skellir við skollaeyrum  
Fjárhagslegur hagsmunir?

Græðgi  
er öllum löstum verri  
í samfélagi manna

Fátækt grasserar á Íslandi  
Atvinnulaust fólk, öryrkjar, aldraðir, námsfólk  
Láglounafólk á varla fyrir mat og alls ekki fyrir húsnæði  
né bíl til að komast leiðar sinnar  
Samt þykir samfélaginu mikilvægara  
að bankaguttarnir fái sína bónusa  
og græði – jafnvel á meðan þeir sitja af sér dóma fyrir  
glæpi

Ferðamenn kvarta undan okri og græðgi  
Venjulegt fólk hefur ekki efni á að heimsækja Ísland  
En það er víst allt í lagi  
Við viljum aðeins ferðamenn sem eiga nóg af peningum  
og eru nógu heimskir til að afhenda okkur þá  
Gestrisni er ekki lengur til  
Borga, borga, borga ...

Á meðan fólk á flóttu kvelst um allan heim  
hefur misst heimili sín og viðurværi  
sitjum við hér á skerinu  
og tökum við örfáum þeirra til gnægtalandsins okkar  
Vasar okurlánaranna leyfa ekki meira  
þeir eiga svo bág

Græðgi  
er öllum löstum verri  
í samfélagi manna

Hvenær auglýsir Þjóðkirkjan eftir biskupi  
með menntun í markaðsfræðum  
svo hægt verði að verðleggja huggunina sem  
nákvæmast?  
Hvenær mætir Sigurjón læknir í vinnunna með vasareikni  
til að reikna út lífslíkur og fjárhagslegan ávinning af  
sjúklingum sínum  
áður en hann reynir að lækna þá?  
Erum við ekki lengur manneskjur?  
Hvenær urðum við að kassavélum?

## Guð! Eru komin jól?

Bráðum koma blessuð jólin  
blátt er í fjöllum  
sagan segir jól, hátíð  
kjötkveðjuhátíð  
segir fórnarhátíð  
Bubbi kaupmaður  
segir viðskipti  
segir verslunarhátíð  
verslunarhelgi  
kannski verslunarmannahelgi  
jólhelgi

Helgi Jónsson  
á Bræðraborgarstíg  
á ekki krónu til jólanna  
Engin jól koma til hans  
Presturinn í sjónvarpinu  
sagði að jólin kæmu ekki  
Jesús kæmi  
Jesús kemur ekki  
til Helga Jónssonar  
á Bræðraborgarstíg

Kátt er á jólunum  
ég kannast við það  
Ég var einu sinni lítill

Í Betlehem er barn oss fætt  
börn fæðast  
og deyja ekki nema úr sulti  
sjúkdómum eða stríði

Barnið í Betlehem  
átti góða daga  
en fullorðni maðurinn  
sonur hennar Maríu  
var hálf vansæll

Ó Jesús bróðir besti  
bræður eru bræðrum verstir  
undantekningin sannar regluna

Heims um ból  
liggja menn á maganum  
og skjóta bræður sína  
Jól ...  
Langar börnin að verða stór?

Gleðileg jól  
Lítið leggst fyrir kappana  
Ég meina -  
Hvað kemur mér það við?

Guð gaf – og Guð tók  
þetta al – eitthvað  
sem við köllum Guð  
sendi okkur jól  
til að við gætum skilið sig  
Við höfðum öll skilyrði til móttöku  
í lagi sem börn  
en skorti skilninginn  
Nú – sem fullorðið fólk  
er skilningurinn skárrí  
en móttökutækin  
eru öll úr lagi gengin

Við erum ekki  
á bylgjulengd við Guð. –

## Í orðastað séra Friðriks

Hér áður var knattspyrnan göfug og glæst  
og garpar á velli sem skoruðu hæst  
Þeir voru hreinir í huga  
vildu heiminum duga  
Þeir voru hetjurnar sólunni næst

Þessir drengir svo fimlega léku sinn leik  
af leikni og drengskap með höfuðin keik  
Þeir sóluðu saman  
og í sigri var gaman  
sína samherja enginn þá sveik

En hvað er á seyði, hví brestur svo brátt?  
Hví bilast og skekkist á ferlegan hátt  
Er þetta íþróttin okkar?  
Er það auðsvon sem lokkar?  
Hví eyðist sú drengskapar sáttt?

Nú eru veðmál og mútur og spilling og spé  
sprettharðir vaða þeir leðju í hné  
Flest í gróðavon glatast  
og með græðginni fatast  
í gulldansi um bónusa og fé

En víst eru flestir sem finnst þetta illt  
þótt fátt geti aðhafst og engu um bylt  
Því að forystan fína  
með alla fjármuni sína  
svo forrík kýs vera og spillt



En látum ei hugfallast hetjur og lið  
hefjum upp fánann gegn útlenskum sið!  
Ef stöndum við styrkir  
bæði sterkir og virkir  
þá við stefnum á framtíðarmið.

## Úr raunasögu vinstri flokka

### I.

Þú þekkir ljónið í útlöndum  
það veiðir bráð sína  
en á eftir  
meðan það sleikir út um  
og flatmagar  
undir stóru tré  
fær gaupan sinn skammt.

### II.

Bakvið ferkantaðan kassa er poki  
Í pokanum er maður sem kallar sig prest  
Hann er atvinnuprestur  
2 tíma í viku  
- 8 tíma á mánuði  
96 tíma á ári –  
kallar hann eldingar og þrumur  
yfir söfnuð sinn ef ...  
en hina tíma vikunnar  
og mánaðarins  
og ársins  
er hann að framkvæma sjálfur  
þetta ef ...  
Og söfnuðurinn trúir honum  
og tignar hann  
á sunnudögum  
en heldur samt áfram  
hina daga vikunnar  
að gera þetta ef ...

### III.

Einu sinni var bíll  
sem ætlaði að fá sér briddstón  
undir sig  
en þessi briddstón  
vildi ekki þóknast bílnum  
nema bíllinn þjónaði sér  
Briddstóninn sagði:  
- Á götunni eru oft holur ...  
Og bíllinn sveigði hjá öllum holunum  
og samkomulagið bleif.

### IV.

Árið 17 hundruð og súrkál  
sendi fátækur myllumaður  
í landinu Mið-austur-Grútan  
litla hvíta bréfdúfu  
til veikrar dóttur sinnar  
en litla hvíta bréfdúfan  
flaug inn um opinn hallarskjá  
og þáði víst  
hjá aðalsmanni AUÐ  
í búrinu lokkandi ljóta  
og enn bíður fátæki myllumaðurinn  
eftir dúfunni sinni  
og veika dóttir hans er löngu dái.

## V.

Munið þið eftir SÍBS-kubbunum gömlu?  
ég átti svoleiðis kubba  
þegar ég var lítill  
- ég man það svo vel -  
en svo varð óhappið:  
Ég missti UHU-lím í pakkann  
með SÍBS-kubbunum mínum  
og þeir límdust allir saman  
í píramídanum mínum  
sem ég hafði búið til daginn áður  
svo það ég þabba  
að saga efsta kubbinn af  
en þá urðu bara tveir þeir næstefstu efstir  
og ég það mömmu  
að gefa mér nýja kubba í afmælisgjöf.

## VI.

Ekki fæðist eitt barn  
með gull í munni  
en annað með saur  
ekki er sú rósin best  
sem flesta hefur broddana

Ekki er verra að kynda húsið  
með skrautlausri eik  
en þrjáluðu jólatré  
ekki er sá fuglinn hamingjusamastur  
sem hæst tístir í búi

Ekki er það skáldið sælla  
sem lokar augunum  
heldur en það sem sér þjáningu heimsins  
og hjálpar

Ekki er geirfuglinn happí  
að vera útdauður  
ekki fagnar krummi  
við jarðarför lambsins

Ekki fær Jón bóndi kvef  
af treflinum sínum um hálsinn  
ekki drepur hásetinn vélstjóran  
til að auka hlutinn sinn.

## VII.

Ferðamaður –  
undir háum kletti  
áir þú eftir fárra tíma reið  
og ég sé  
að nú viltu gjarna hvílast  
reisa tjald þitt  
skríða í pokann þinn  
og sofa ... sofa ...  
En rís upp!  
Áningarstaður  
er bara áningarstaður  
Mundu  
að í töskunni þinni  
er meðal  
handa lömuðum syni  
grátandi föður  
handa máttvana stúlku  
einmana móður  
Rís upp!  
Haltu áfram reið þinni  
Renndu gæðingum þínum á skeið  
Láttu grundirnar duna  
og svellin gneista  
Láttu fák þinn renna í hlað  
á litla bænum  
fyrir sólsetur í kvöld

## Alþýðusvikarar

Alþýðuhetjur í argasta sinni  
en aumustu vargar í geithafraskinni  
Svo ötulir telja upp dygðir og dáðir  
og drafla í svaðinu ríkir og fjáðir  
En fólki sem treysti þeim fólum til verka  
því fátækt er búin í vindinum sterka  
skór þess svo skitnir og snjáðir

Of verkalýð drottnandi gylfar og gungur  
sem gráðugar halda þeim lýðnum við hungur  
Skjaldborg þeir byggja þar einn hver um annan  
þeir einræði dýrka og fláttskapinn sannan  
En fólki sem treystir þeim fólum til verka  
því fátækt er búin í vindinum sterka  
dauf er sú dúsfyllta kannan

Í stjórnámálum svikdraugar sveittir þar lafa  
í samfó og vaffgé nú flykkt sér þau hafa  
jóhönnur rétt eins og steingrímar storka  
stingur þar hver sá sem betur má orka  
En fólki sem treystir þeim fólum til verka  
því fátækt er búin í vindinum sterka  
Í svínsskapnum ferlegir forkar

Þannig má skoða um vígvöllinn víðan  
í veröldu allri er samskonar líðan  
pútínar fólkið sitt píslunum kvelja  
og pípkanar vitgrannir trömpana velja  
En fólki sem treystir þeim fólum til verka  
því fátækt er búin í vindinum sterka  
þeir ömmur og afana selja.

## Bitlingar

Illt er að lifa á annars brauði,  
eins manns lán er hinum dauði  
Mér eru boðnir bitlingar af borðum ríkra manna  
„Nei takk,“ samt ég segi  
og svangur höfuð reigi

Þótt ég yrði álfum gefinn  
ekki réttast mundi hnefinn  
móti blauðum bitlingum af borðum ríkra manna  
því huglæg hungurvaka  
er hálfu betri en kaka

Takist þér að tóra sjálfum  
teljast saddir jafnt þér hálfum  
þótt boðnir séu bitlingar af borðum ríkra manna  
Ef skuldarðu engum eyri  
þér auðnast gleðin meiri.

## Á fyrsta degi skólans

Á fyrsta degi skólans  
lærði 6 ára dóttir mín  
að hlýða flautunni

Þegar kennslukonan  
blés í flautuna  
átti skarinn að hlaupa af stað  
þegar hún blés aftur  
áttu allir að stansa

Úti í heimi  
blása geðveikislegir herforingjar  
í flautur  
þá mega hermennirnir byrja  
að slátra börnum og konum

Á fyrsta degi skólans  
lærði 6 ára dóttir mín  
að hlýða flautunni.



## Landhelgissöngur

Bretarnir berjast  
bölva og lemja  
bítast við íslenska landhelgismenn  
Víkingar verjast  
en vargarnir emja  
veiða ekki bröndu þeir örvitamenn  
Áfram 50 mílur  
áfram verjumst fantahríð  
Rekum burtu Breta  
á Ballarhafi geta  
þjófar háð sitt þorskastríð.

*Lag: Öxar við ána*

## Til þín, Kampútsja!

Þú lagtæka smáþjóð sem leikin ert grátt  
af lævísnum féndum sem rjúfa alla sátt  
Í nábleikum heilunum hugsað er flátt  
og herjum er skipað að myrða

Kampútsja – Kampútsja

Nú land þitt er lamið af Víetnams stríði  
en leið þeirra er vörðuð af sovésku níði

Kampútsja – Kampútsja

þig kúga nú erlendar sveitir

Kampútsja – Kampútsja

þú kúguðum fordæmi veitir

Fyrir örfáum árum þú heimtir þín lönd  
og ógnun sem frelsi þitt hnepti í bönd  
þú lagðir að velli, þá létt var þín önd  
og lokið var hörmungarstríði

Kampútsja – Kampútsja

Svo sannlega áttirðu harma að hefna  
hrundi því bandarísk ofbeldisstefna

Kampútsja – Kampútsja

þig kúga nú erlendar sveitir

Kampútsja – Kampútsja

þú kúguðum fordæmi veitir

Þú byggðir upp afl þitt og alþýðuvöld  
þú auðgaðir líf þitt og fáðir þinn skjöld  
En utan að barst til þín andrænan köld:  
Áróður lyga og svika

Kampútsja – Kampútsja

Afturhald heimsins í austri og vestri  
yfir þig jós sínum rægjandi lestri

Kampútsja – Kampútsja

þig kúga nú erlendar sveitir

Kampútsja – Kampútsja

þú kúguðum fordæmi veitir

En lambið var étið og úlfurinn naut  
afls síns og stærðar og hvarf svo á braut.  
En hér verður hins vegar þyngri sú þraut  
þjóðinni smáu að eyða

Kampútsja – Kampútsja

Þú stefnir á frelsi, á frið um þitt land  
því fær enginn kúgari unnið þér grand

Kampútsja – Kampútsja

þig kúga nú erlendar sveitir

Kampútsja – Kampútsja

þú kúguðum fordæmi veitir.

*Lag: Auður Haraldsdóttir*

## Til félaga Ermíasar í Eritreu

Gegn erlendu valdi og ofbeldisræði  
af alhug þið berjist, gegn morðum og æði  
Af fjandmönnum vinnið þið svæði eftir svæði  
sækið í brattann, gegn hatri og bræði  
Þú þjóð þína elskar og eggjar til dáða  
æskuna brýnir og hughreystir smáða  
Með frelsið sem markmið og friðinn í huga  
þín fegursta óskin er þjóð þinni að duga

Félagi Ermías, félagi sæll  
ég færi þér kveðjur að norðan  
Félagi Ermías, félagi sæll  
ég færi þér hugheilar kveðjur að norðan

Já, fagurt er verk þitt, þú félagi og vinur  
og fjandinn er sterkur sem yfir þig dynur  
En eþjópískt einræði undan þér stynur  
og innrás frá Kúbu um sjálfa sig hrynur  
Sú smáþjóð sem berst fyrir lífi og landi  
launsátrum öllum hún verður að grand  
Þú sigra munt sovéska heimsvaldaseggi  
þótt sjúkir af gróðafýsn sjálfa sig eggja

Félagi Ermías, félagi sæll  
ég færi þér kveðjur að norðan  
Félagi Ermías, félagi sæll  
ég færi þér hugheilar kveðjur að norðan

Á Íslandi þekkjum við óvini þína:  
Auðherra, kúgara, borgara „fína“  
Útlenskur her treður móðurjörð mína  
og Moskvuliðs ógnir um höfuð mér hvína  
Berðu því bróðir til félaga þinna  
baráttu- og kveðjuorð landsmanna minna  
Við hlið þína stöndum og stuðning þér sýnum  
og staðfestu lærum af afrekum þínum.

*Lag: Auður Haraldsdóttir*

---

# ÞÝDD LJÓÐ

---

## Óður til Bauna

(Um „aðsendistefnu“ Dana í Grænlandi)

Bölvaðar skepnurnar  
nú veit ég það með vissu  
– mistök fortíðarinnar  
    öflug útflutningsframleiðsla  
    nútímaþjóðfélag í Grænlandi  
allir þessir opinberu bjartsýnu Grænlandsvinir  
hver fyrir sig eru þeir fantar  
og trúá ekki orði af þessu öllu  
    ríkisframlag er sama og atvinnulíf  
    raunveruleiki er raunveruleiki  
hvílíkur loddaraskapur –

Nú veit ég það  
Ég veit að dönsk nýlendustefna felur sig í  
ráðuneytum (hvorki í hermála- né dómsmála  
heldur Grænlandsráðuneytinu)  
Ómannleg mannúðarfull heimsvaldastefna  
kalt stríð við kuldann  
    þegar heil svæði einhvers lands eru brotin undir  
    útlenda tungu, siði og stjórnháttu  
þá birtast erfiðleikarnir  
þá þarf mikla gæfu og óþrjótandi hæfileika til að  
halda tókunum á þeim  
Besta og áhrifaríkasta ráðið er að sigurvegarinn  
setjist sjálfur að í nýja landinu

Biskupinn Hans Egede sagði: Vopn mitt er BIBLÍAN  
Konungur Danaveldis sagði: Vopn mín eru PENINGAR  
Annaðhvort er að vinna fólkid á sitt band  
eða útrýma því

Grænland  
öskutunna Bauna  
gjörsamlega óseðjandi  
af aðsendum svínum  
aðsendum skordýrum  
aðsendum skólprörum  
aðsendri nýlendustefnu  
– aðsendistefnu

Grænland  
vér erum silfurkista aflátsprangaranna  
þegar hringlar í peningum í Grænlandi  
er sál mín til reiðu að moka þeim burt frá  
Grænlandi

Ég veit það  
Thúleþjóðin hrakin og hrjáð  
með lymskubrögðum

Qutdligssat  
gefin upp á bátinn  
ekki nógu arðsöm

Grænlenski þorskurinn  
gefinn upp á bátinn  
ekki nógu ábatasamur  
Grænlenski Grænlendingurinn  
gefinn upp á bátinn  
ekki nógu fær

Grænensk sál  
grænensk menntun  
ekki til

ný sál  
ný menntun  
gefin upp á bátinn  
öllu safnað í borgir

Grænland þú ert botnlaust  
Grænendingur þú fellur botnlaust  
þegar einhvern skal meiða  
ber að gera það svo vandlega  
að ekki sé hætta á hefndum

Kaladlit-nunat  
þú með þitt lokkandi ósanna auknefni – Grænland

sauður í úlfagæru  
botnfrosinn upp úr  
botnlaus niður úr  
gullæð aflátssalanna  
tómstundagleði Bauna

Okkur er veitt sú ánægja  
að fylla þig tóma  
þú varst tóm  
þú ert tóm  
þú verður tóm.

*Aqqaluk Lynge (1947 - )*



## Dauðinn

Dauðinn  
hafði verið á hraðferð  
í marga sólarhringa –

um leið og hann fékk skilaboðin  
um lítil börnin  
sem voru sprengd og brennd  
uns þau voru ekkert annað  
    en eitt stórt vein  
sem enginn gat stöðvað  
hafði hann lagt  
af stað

reykur og rústir  
vísuðu veginn

sársaukaópin  
komu í bylgjum  
hann vaggaði þeim í svefn –

á heimleiðinni  
var dauðinn boginn í baki.

*Fredrik Fasting Torgersen (1934 - 2015)*

## Fyrir þá ríku – af hinum ríku

Lagagreinarnar voru þurrar eins og  
hrossatað  
og þær fuðruðu upp  
í rauðglóandi bálinu  
þegar Réttlætisgyðjan  
fleygði þeim á eldinn

Þetta er eins og að tína lýs  
sagði gyðjan og gerði athugasemdir  
við lögin um leið og hún  
tíndi þau út  
og lét þau detta í logana  
þar sem þau sprungu  
með viðbjóðslegum hljóðum

Lagasafnið varð sífellt þynnra  
og Réttlætisgyðjan sífellt fölari –  
allt þetta er aðeins sverð og skjöldur  
hinna ríku, sagði hún  
og reif út heila síðu  
af kúgun

Þegar Réttlætisgyðjan stóð upp  
var bakið beint –  
af lagasafninu  
voru aðeins blóðrauð kápuspjöldin  
eftir.

*Fredrik Fasting Torgersen (1934 - 2015)*

## Ruslahaugurinn

Á dvalarheimilunum  
hímir  
gamla fólkið  
í stólum  
eins og pottablóm

Umhyggja samfélagsins  
í stað þess  
að úða það skordýraeitri.

*Fredrik Fasting Torgersen (1934 - 2015)*

## Ströng er lífsins leið

I

Eftir að hafa klifið fjöll og háa tinda  
ætti þá hættan að vera meiri á sléttlendinu?  
Í fjöllumum mætti ég tígrisdýri  
en komst ósærður niður  
Á sléttlendinu hitti ég mannverur  
og var kastað í fangelsi

II

Ég er sendiboði víetnömsku þjóðarinnar  
á leið til Kína  
til að hitta háttsetta menn  
Á stormurinn að gnauða yfir veginn  
og mér að veitast sá heiður  
að vera úthlutað fangelsisvist?

III

Ég er hreinskiptinn maður  
og hef ekkert gert af mér  
en ég er sakaður um njósnir gegn Kína  
Að lifa sínu eigin lífi  
er ekki ætíð svo einfalt  
Það hefur sjaldan verið erfiðara en nú.

*Hó Chí-Mính (1890 - 1969)*

## Tímarnir breytast

Safnist saman, gott fólk, hvar sem þið eruð á flakki, og viðurkennið að vötnin umhverfis ykkur hafa vaxið. Sættið ykkur við að brátt verði þið holdvot. Sé ævi ykkar þess virði að bjarga henni ættuð þið að leggjast til sunds, annars sökkið þið eins og steinar því að tímarnir breytast.

Komið rithöfundar og gagnrýnendur sem spáið með pennum ykkar. Haldið augunum galopnum, tækifærið gefst ekki aftur. Takið ekki of fljótt til máls því að hjólið snýst enn og enginn veit á hvers nafni það lendir. Vegna þess að þeir sem tapa núna munu vinna síðar því að tímarnir breytast.

Komið öldungadeildarmenn, þingmenn, sinnið kallinu. Standið ekki í dyragættinni, fyllið ekki gangana. Því að sá sem meiðist verður sá sem hindrar. Það er bardagi úti og hann geysar enn. Brátt mun hann hrista glugga ykkar og veggi því að tímarnir breytast.

Komið mæður og feður alls staðar frá. Gagnrýnið ekki það sem þið getið ekki skilið. Synir ykkar og dætur taka ekki lengur við skipunum ykkar. Gamli vegurinn ykkar eldist hratt. Farið út af nýju vegunum ef þið getið ekki rétt hjálparhönd því að tímarnir breytast.

Komið er að lokum, bölvunin hafin. Sá hægfara núna verður hraðfara síðar rétt eins og nútíðin núna verður síðar að fortíð. Reglan er á hröðu undanhaldi og þeir fyrstu núna verða síðastir síðar því að tímarnir breytast.

*Bob Dylan (1941 -)*

## Hitler – hin vitiborna moldvarpa

Hitler hin vitiborna moldvarpa horfir út um augu mín  
Göring bræðir gullstengur í innyflum mínum  
Barkakýlið í mér tútnar utan um hausinn á Göbbels  
það þýðir ekkert að segja við mann  
að hann sé gyðingur  
Ég er að búa til lampaskerm úr kossi þínum  
Játaðu! játaðu!  
er skipun þín  
þótt þú haldir að þú gefir mér allt.

*Leonard Cohen (1934 - 2016)*

## Ég sé ...

Ég horfi á þennan hvíta himin  
ég horfi á þessi blágráu ský  
ég horfi á þessa blóðugu sól

þetta er semsagt heimurinn  
þarna búa semsagt mennirnir

Regndropi!

Ég horfi á þessi háu hús  
ég horfi á þessa þúsund glugga  
ég horfi á þessa fjarlægu kirkjuturna

þetta er semsagt jörðin  
þarna býr semsagt mannfólkið

Blágráu skýin dragast saman  
sólin horfin

Ég horfi á þessa vel klæddu menn  
ég horfi á þessar brosmildu konur  
ég horfi á þessa álútu hesta

En hve blágráu skýin dökkna!

Ég sé, ég sé ...  
ég er víst kominn á rangan hnött!  
hér er allt svo undarlegt ...

*Sigbjørn Obstfelder (1866 - 1900)*

# Verslanahverfið

## I.

Glerbúðin selur ósýnilegar vörur  
þær klingja eins og slaghörputónar  
og eru viðkvæmar eins og blöðrur á þangi  
Það er hús geðklofanna sem eru  
kólnaðir innvortis og eiga tilkomumikla drauma  
hinna þunglamalegu sem eru hringaðir utan um sjálfa sig

Glermaðurinn lifir í ríki ljóssins  
fullu fegurðar, en er geldur  
eins og fagurfræðingur

Skrift á gleri  
er eins og regn í augunum.

## II.

Járnvöruhyllurnar eru sknúðhús  
mannshugans  
þar tóna hin heilögu ílát  
þau sem ákvarða líf okkar.  
Skaftpottarnir  
bæði þeir glerjuðu og þeir sem leiftra  
af gráu stáli

Þar eru hugmyndirnar úthugsaðar af vitringunum sjö  
fyrir okkur.

Hamarinn til að reka þær inn  
og töngin til að draga þær út aftur  
og sandpappír

Flugeldaverslun til vinstri og skotvopn  
beint á móti.



### III.

Saumabúðin er lítið kaffihús  
ástarævintýranna.  
Þess vegna þjónar hún viðhaldi lífsins  
Ýmis konar faðmlög geta verið fólgin  
í gljáandi þrjónum  
og djúp ást  
í þrjónatreyju og grænum trefli

Þarna er verslað með leynilegar uppskriftir  
og töfrarúnir handa sálunum  
góð ull ilmar eins og ungur frjóangi  
sef og vökvi hjartans.

### IV.

Málningarvöruverslunin er betur við mitt hæfi  
Hún afgreiðir hin leynilegu lyf jarðarinnar  
gult okkur, terpentínu og leirblátt  
angandi af úldnun og fæðingu  
– apótek fyrir heilbrigðina í heiminum  
Einu sinni var málningarsali  
sem giftist saumasölu konu.  
Þau urðu að göfugum glitvef og mjög gömul.  
Ófu sig hvort að öðru  
með björtum og dökkum þráðum í mynd af hjörtum  
undir eikartrjám, og gránuðu saman  
í silfri og grænku.

*Rolf Jacobsen (1907 - 1994)*

## Í skógum verslananna

Gú-gú segir gaukurinn í peningakassanum  
Girnilegt er vorið í skógum verslananna  
ilmandi af leðri, berjum, sápulitum og ullarströngum  
og fuglakliður er leikinn af segulbandi milli níu og sextán  
og svín og pelsdýr eru stöðugt felld með hljóðlausum  
skotum

Speглаðu þig í voru litla stöðuvatni  
úr silki – Brostu við öllu

Því að önnur himnaríki eru ekki til en þessi  
ævintýraströnd handan glersins sem snýr að öllum  
strætum og engir aðrir skógar þar sem þú getur reikað  
frá jólum til júlí í mýrinni svo glaður, örstutt andartak  
á þessari jörð (Gú-gú)  
sem er stjarna (Gú-gú)  
og nú er vor.

*Rolf Jacobsen (1907 - 1994)*

## En vér lifum

En vér lifum af stórmarkaðina og ostahillurnar  
og við lifum undir þoturákunum í gylltum maímánuði  
og í reykumleiknum borgum  
og vér lifum með hósta bensíndællunnar  
og skellum bílhurðanna  
Vér lifum af sjónvarpskvöld gullinnar aldar  
yfir steinsteypunni, bak við vikublöðin  
og á bensínstöðvunum  
Vér lifum í tölfræðiyfirlitunum og á kjörskránni á  
kosningaári  
Vér lifum með blóm í glugganum  
þrátt fyrir allt lifum vér í skugga  
kjarnorkufræðilegra útrýmingarhótana  
vetnissprengjunnar  
Svefnleysi.  
Vér lifum  
við hlið þeirra soltnu  
þeirra sem deyja í milljónatali,  
lifum með þreytu í hugsun vorri  
lifum ennþá  
lifum óskýranlega dulrænt  
lifum  
lifum  
á stjörnu

*Rolf Jacobsen (1907 - 1994)*

## Apartheid

Hvítir í einum bás  
Svartir í öðrum bás  
Gulir í þriðja bás  
Gyðingar  
(þeir sem enn eru eftir)  
í fjórða bás

Hinn góði í sér bás  
Hinn slæmi í sér bás

Launaflokkur tólf  
í bás númer níu  
Launaflokkur tuttugu  
í bás númer fimmtán

Gamla unga  
    léttu og þunga  
litla stóra  
    dólgar og hóra  
morðingja lík  
    fátæk og rík  
Gáfaða og drumba  
    daufa og dumba  
föður og móður  
    systur og bróður  
rammsterkan lás  
    á sinn eigin bás.

*Gunnar Lunde (1944 - 1993)*

## Borg friðar

Ó, bið um frið  
fyrir það sem við byggjum  
það sem við ætlum að gróðursetja  
þótt svo óvinur  
gangi um akurinn  
og illgresið vaxi  
í sporum hans

Frið fyrir hina útreknu  
til að rísa upp  
og varpa af sér hlekkjunum  
Frið til að taka fram  
mælistikuna  
og skipta niður landinu  
áður en það verður um seinan

Frið til að setja upp  
vogarskálarnar  
og deila út réttlætinu  
það er nóg af gullskálum  
fyrir alla

Frið til að stöðva  
pyntingarnar  
fingur djöfulsins

Frið til að kveikja eld  
gegn frostinu  
Byggja borg  
friðar.

*Ingebjörg Kasin Sandsdalen (1915 - 2003)*

## Regn í Hírósíma

Þegar hún lyfti hendinni  
til að taka tekönnuna  
kom glampandi ljós ...

... var ekki meir  
allt var horfið  
þeir voru horfnir  
ummyndaðir í gufu og ský  
sem steig upp  
leyndardómsfullt og hljótt  
Hróp var ekki lengur hróp  
en jörðin sló í tryllingi  
krepptum hnefa hátt mót himni  
í sjálfsvörn  
... vegna þess sem allt lifandi líf veit  
hvarvetna  
en megnar ekki að skilja:  
Hírósíma ...

Mílubreiðar slæður sem stigu upp  
þeir voru þarna í þeim  
endurgerðir í frummynd  
Gufubólstrar  
yfir kvalinni jörðunni:  
Að vera ögn af þessu ...

Að vera í þessu sem hvarf  
en ekki lengi  
Glundroðinn varð brátt minni  
slæðan þéttist í dropa – þétta dropa  
með eilífum skapnaði dropans  
án upphafs og endis

Þeir féllu niður  
svalandi, óteljandi  
í stríðu regni.

*Tarjei Vesaas (1897 - 1970)*

## Af manndráparaætt

Við erum mörg  
skyld  
Manndráparanum  
segir ættfræðingurinn  
hann situr með gerðabókina

Einnig þú  
fingurinn bendir  
á mig  
Einnig þú  
ert af manndráparaætt

Ég?  
Hlátur gamlingjans vellur fram  
Vissirðu það ekki?  
Héltu að þú værir frjáls  
eins og barn í móðurkviði?  
Ég er með þig  
í bókunum mínum

Fingurinn bendir  
Einnig þú  
ert af manndráparaætt.

*Halvor J. Sandsdalen (1911 - 1998)*



## Á eftir

Á eftir förum við út á göturnar  
við erum mörg hundruð  
en við getum ekki tekið allt með okkur  
Ég reyni að fá hugmynd að ljóði  
til að túlka aðeins þetta  
Ljóð hafa alltaf rétt fyrir sér  
ljóð geta sagt hvað sé rangt  
Sé í því svolítið blóð  
svolítið dautt  
og svolítið hold sem rotnar  
er það rangt  
Að drepa fólk er rangt  
að drepa tíu manns er rangt  
en að drepa tíu þúsund?

Það er hægt að yrkja um enn  
mann sem deyr  
það er hægt að yrkja um tíu  
manns sem deyja  
en að yrkja um tíu þúsund  
manns sem deyja?

Sé rangt að drepa  
tíu þúsund börn  
hvað þá um  
að drepa eitt barn?

Ég hef fengið hugmynd að  
tíu þúsund ljóðum  
Hver getur hjálpað mér að skrifa?  
Þau eiga að fjalla um dautt  
blóð og hold sem rotnar í sólinni  
þau eiga að segja hvað sé rétt og hvað sé rangt.

*Polf Sagen (1940 - )*

## Á almennum fundi

Herra fundarstjóri

Ég er ekki vön því  
að tala á fundum  
Ég er ein þeirra sem aldrei biðja um orðið  
því að mér tekst aldrei  
að tala eins og þið

En mér finnst eindregið að það sé skylda mín  
sem þegns í Lýðræðisþjóðfélagi  
að mitt álit komi líka fram

Ég vil þá segja að skoðun síðasta ræðumanns  
stríðir á móti einhverju í mér  
og ég lýsi því yfir að ég er mjög ósammála honum

án þess  
að ég geti sagt  
hvers vegna  
eða bent á annan möguleika

Ég ætla að fá að skýra frá því þegar mér finnst  
að álit mitt sé komið fram.

*Olaug Rekdal (1939 - )*

## Innlegg í baráttu dagsins

Til hvers er að kveina og kvarta  
þegar klögur og harmleikir  
eru boðnir upp í heilum bílhlössum?

Hverjum kemur til hugar  
að spyrja um brúðu barnsins  
í grasinu  
þar sem foreldrarnir voru skotnir niður fyrir hádegi?

Hverjum kemur til hugar  
að spyrja um sannanir  
eða hvort dómarnir séu hæfir  
þegar hinir dæmdu eru stráfelldir  
og brenndir  
– heilar þjóðir í einu?

Hverjum kemur til hugar  
að spyrja um hægri eða vinstri  
þegar spurning dagsins er:  
Ert þú einn af morðingjunum  
eða eitt af fórnarlömbunum?  
Ertu einn af dómurunum  
eða einn hinna dæmdu?

Hvaða meining er í því  
að börn sem fá að lifa  
megi einnig eiga foreldra  
þegar allt miðast við  
að koma rússneskum eða amerískum hermanni  
til tunglsins?

*Jens Bjørneboe (1920 - 1976)*

## Fangelsi er ekki staður fyrir fólk

Í Portúgal var maður  
hann barðist í þágu verkafólksins  
þegar hann var látinn laus eftir 16 ár  
sagði hann:

Ég iðrast ekki  
því að málstaður minn var sá rétti  
En meðan tíminn líður  
verður hér ástvinarins  
algjörlega grátt  
Manstu að liturinn var annar áður?  
Eftir 16 ár  
er ekkert lengur eins og það var  
Margir vinir eru láttnir  
og það er gróið yfir götuslóðana

Svartur maður í Jóhannesarborg  
hélt hann væri manneskja  
þegar dómurinn um 12 ár var kveðinn upp  
hrópaði konan hans:  
Eiginmaður minn, ég er hreykin af þér!  
En meðan tíminn líður  
verður hér ástvinarins  
algjörlega grátt  
Manstu að liturinn var annar áður?  
eftir 12 ár  
er ekkert lengur eins og það var  
Margir vinir eru láttnir  
og það er gróið yfir götuslóðana

Maður í Austur-Þýskalandi  
og kona í Vestur-Þýskalandi  
sátu í fangelsi fyrir styrjöldina miklu  
í styrjöldinni miklu  
eftir styrjöldina miklu.  
Maður í Paragvæ  
var ekki pyntaður alveg til dauða  
þau kvarta ekki enn  
yfir heiðarleika sínum og hugrekkinu  
En meðan tíminn líður  
verður hár ástvinarins  
algjörlega grátt  
Manstu að liturinn var annar áður?  
Eftir myrk ár  
er ekkert lengur eins og það var  
Margir vinir eru látnir  
og það er gróið yfir götuslóðana.

*Kjersti Ericson (1944 - )*

## Ákæra við múrinn

Við getum ekki hist  
boðberarnir hrapa í myrkrið  
Við getum ekki heyrt hvort í öðru  
söngurinn hljóðnar inn í stein

Hví aðskildir þú okkur?  
Ég sem við sólsetur  
átti að þjóta til móts við hana  
út á völlinn  
bregða örmunum um mjúkt mittið  
og dansa af gleði

Hví reistir þú múr að enni mínu  
enni sem vildi halla sér  
að ljósum öxlum?  
Hví fléttaðir þú reipi  
um hendurnar  
hendur fullar af ást?

Hver ert þú, þú  
sem mæltir til mín á kunnri tungu  
og rakst mig burt  
til lands án árstíða?  
Ég sem sá fuglana fljúga í norður og suður  
haglendin gróa undir grönnum dádýrana  
uppspretturarnar streyma fram

Þú heldur mér föstum  
með augu úr ís  
og gætir útgönguleiðanna  
með ofstækisstáli –

Ég sem er fæddur í hinum milda  
sjöunda mánuði  
þegar gróðurinn blómgast  
og fyllir stað sinn  
undir lögum þrjárinnar

Í nafni lífsins: Hver ert þú  
sem hlekkjar dag minn við múrinn  
og lítillækkar mátt minn?  
Eyðir mér upp til ösku og einskis?

Ég teygi mig í áttina til hins helga turns  
í upphæðum –  
þetta er ofbeldi  
Líttu á hinn stutta tíma vörn  
og gef oss jörðina aftur

Unnusta mín er hinum megin  
Ég get ekki náð henni –  
Ég sem ætlaði að lyfta barninu í höndum mér  
fagna: Ávöxtur ástar vorrar  
Ætlaði að hrópa að hjarta mannsins:  
Snú hvorki til austurs né vesturs  
svo sannarlega ekki.

*Einar Skjæraasen (1900 – 1966)*

## Barn

berjast			tapa
	stríð	barn	
hata			sigra
	stríð	barn	
		barn	finna
hata			
	stríð		skapa
skjóta		barn	
		barn	skjóta
sleppa			skjóta
	fullorðnir		

*Per Erik Solem (1944 -)*



---

## EFTIRMÁLI - FÉLAGSLJÓÐ

---

*Fyrri ljóðið í þessum hluta er ort veturinn 1975-1976 í Björgvin undir dulnefninu Stefán úr Vík en á bak við það leyndust ég, Trausti Jónsson og mikið ef ekki Helgi Þorláksson líka en heiðurinn af nafngiftinni á fyrirmyndi okkar allra, Stefán Stefánsson. - Síðara ljóðið er ort um það að íslenskir námsmenn í Ósló unnu ötullega að hagsmunum Íslands í landhelgisdeilunni 1972-73, héldu ræður, skrifuðu dreifibréf, ferðuðust um Noreg og hittu sjómenn, stjórnámálamenn og fleiri. Um þá varð ég að yrkja brag vorið 1973.*

### 1101 árs afmæli Íslandsbyggðar

Indæla íslenska Frón, ástkæra fornaldar móðir,  
þínum að fótum ég fell, því fölskvað er land vort og þjóð.  
Frá Björgvinjar skúrsælu borg mitt bragarfull dýrkvætt ég  
færi

því heimþrá og hretviðrabálin huga minn bera til þín.  
Ó, þín tindóttu tún og taumlausu jöklar og klungur,  
blómlegu eldfjöllin bláu og brimsorfnar strandir og sker.  
Hraunin þótt harðlynd brenni og húsin þau leggi í rústir,  
þá feгурð vér festum á mynd, hún færir oss glaðninginn  
heim.

Og undan söndunum sælu er seglið að húni dregið,  
því Ingólfur Arnarbur alþúinn stefnir til lands.  
Þeir Íslands farsælu fiskmenn færa oss þorska og ýsur  
og Bretana burtu þeir reka til Ballarhafs vestan um sæ.

Ó, þú feðranna fold,  
sem fóstaraðir skáldin:  
Steingrím, Jónas og Stein,  
Styrmi, Hjálmar og Jón.

Úr Norðvegi námu þeir landið, Naddoður, Garðar og hinir,  
þær lyddur frá landvættum Íslands lögðu á flótta í nauð.  
En austur á Örafasöndum, hvar Ingólfshöfði nú gnæfir,  
fóstbræður flutu að landi, frelsisunnandi menn.

Með hugprúðu hetjulyndi þeir hrjóstrin sigruðu – og  
græddu.

Þótt morðingjar Hjörleif myrtu, þess minnumst vér  
frjálsræðisdrótt

– að Ingólfur bar þá birtu sem blessar hans niðjagnótt.  
Svo komu kapparnir fræknu, sem körpuðu af Lögbergi  
tíðum,

þeir huguðu að hinu og þessu og hjuggu hver annan í  
spáð.

Útlendu kónganna klækir með kaupmennsku réðust á  
landið,

bévítans baunverska drjóra vér bölsyngjum enn í dag.

Loks birti í lofti og laufgaðist vonanna smári,

því skáldin þær hugsjónir hófu, sem heilsuðu vaknandi  
þjóð.

Og mæringur arnfirskur mælti: „Vér mótmælum allir  
þeim kóngi,

sem grætti vorn gamla Árna“, í grösugum Kópavogsreit.

Og svo var það síðla að hausti, fyr sjö og fimmtíu árum,  
að íslenski fullveldisfáninn í frosti var dreginn að hún.

Ó, þú feðranna fold,  
sem fóstaraðir hetjur:  
Heljarskinn, Hannes og Jón,  
Hannibal og Bjarni frá Vogu.

Þú konunga kynborna þjóð, sem kaghýddist langt fram í  
ættir,  
hvar er þín fornaldar frægð, frelsið og manndáðin best?  
Þér gaulið úr glymskröttum elskið og gruggugan landa  
drekkið,  
og lyngið á Lögbergi helga er leiksoppur skelja hvert ár.  
Og Geysir er hættur að gjósa, og Gullfoss skal virkja á  
morgun,  
og traktorar blómin troða og töðunni spýta í hús.  
Að Mývatni verður hver maður af mýbiti bólginn og  
sollinn,  
og bændurnir bækur kaupa um byltingar, morð og víf.  
Við Öxará einmana stendur alþingismaður og dætur,  
þær drukkna ekki í drekkingarhyl, þótt dátum þær yljí um  
nótt.

Ó, þú feðranna fold,  
sem fóstarað nú gungur:  
Einar, Gunnar og Geir,  
Gretti, Vilhjálmi og Trausta,  
Jóhann, Ómar og Albert,  
Eggert, Pétur og Pál,  
Ellert og Andrés Gæs,  
Ingólf, Lúðvík og Geir.  
Hvar er nú feðranna frægð?  
Er hún fallin í gleymsku og dá?

Nei, því ároðans eldur, æskunnar svífandi þróttur,  
í niðjum þess nagla býr, sem níðstöngu reisti við vog.  
Rís upp, þú ótamdi kraftur, vér eggjum til dáða og víga,  
kennið framsóknarkallið, kastið burt duglausum lýð.  
Þá munu eldar og ísar aftur um fjarðvoga glitra,  
uns Geysir fer aftur að gjósa, og Gullfoss hrekkur í lag.

Þá mun frelsisins fáni yfir fólkvangi blakta  
og landvættir loksins skilja að lokið er hungri og kvöl.

Ó, þú feðranna fold,  
sem fóstura MUN hetjur,  
sem fóstura mun HETJUR!

*Stefán úr Vík*

## Landhelgisaksjónistarnir í Ósló 1972-1973

Það gerast stundum ævintýri enn að gömlum sið  
Hérna sitja kommar og kratar hlið við hlið.  
Þeir telja það sitt takmark að frelsa allan heim  
það þætti kannski hæfa að flytja kynningu á þeim.  
En tími minn er skammur og skáldastélið stutt  
svo lýsingu á öllum get ég ómögulega flutt.  
Ég ætla því að dvelja við það dularfulla lið  
sem í allan vetur hefur verndað íslensk mið.  
Með óskaplegum krafti og æðislegum dug  
þeir anda sínum lyftu á 50 mílna flug.  
Og núna er það útséð hvað af ofsa þessum hlýst  
því Lúðvík ekkert ráðskast nema ræða við þá fyrst.  
Fræga fyrst má telja þá Albert Stalínsson  
og Ara Trausta Lenín Engels Guðmundsson  
þeirra stærsta afrek – og það var svo sem nóg  
var að fá hann Maó til að styðja Óla Jó.  
Næstur kemur Kristján Grundafjarðarsveinn  
með fingurna í skegginu, fattur, smár og beinn.  
Hans verkefni var vægast sagt voðalega smátt  
það var að hringja í Norðmenn og hlæja létt og kátt.  
En þetta var til góða fyrir þjóðar vorrar hag:  
hann hló sig inn á „Klassekamp“ einn góðan vetrardag.  
Til að passa Didda og til að brosa með  
var sendur Snævar Guðjónsson með sitt ljúfa geð.  
En í viðtölum við Nygaard stundum við það bar  
að Snæi gleymdi að brosa og gleymdi hvar hann var.  
Og með einu handarviki og hraðar en fuglinn fer  
gat Nygaard snúið Snævari og Didda um fingur sér.

Svo gerðist það um daginn að depurð sótti heim og brosin ljúfu önduðust á andlitinu á þeim. Því dýrlingurinn Nygaard dreif sig út í lönd þá brustu þessi sælublöndnu sterku sálarbönd. Og núna Diddi og Snævar, þessir snjöllu, litlu menn bíða eftir Nygaard og vona að hann komi senn. Ein nefndin hér er taunefnd og naumast er það tjón þótt ekki náist pláss í henni nema fyrir Jón. Þar vikustarfið felst í að vakna klukkan tvö og muldra inn í símtól: „Merkjabúsund sjö.“ En Jón er ekki bara í einum svona hóp því stress- og pressunefndina með prakt og veldi hann skóp.

Þeir settust niður saman Jón og Gvendur Sæm og þýddu ræðubvælu eftir Lúðvík „á nó tæm“. Og þegar það var búið voru brúkuð skæri smá og þvælan klippt í þvælubúta tvö hundruð og þrjá. Og svo var þessum ræðubútum raðað hér og þar á óteljandi vegu eins og vera þar. Og upp úr þessu fengu þeir feiknarlanga röð af Faktaefni og pressuskriði í flestöll Noregs blöð. Nú ganga þeir um strætin grobbnir upp í hár og segjast hafa samið þetta mikla greinafár. Svo skrifar Gvendur pistla um pressunefndarstand og sendir þennan samsetning í Moggann og Nýtt land. Fjármálunum stjórna Trausti og Tóta fús þeirra takmark er að safna í sextán hæða hús. Þau selja merki og sníkja úr Íslands ríkissjóð og safna og safna peningum í öflugt auraflóð. Og þegar einhver kemur til að biðja þau um fé fær hann ekki eyri nema krjúpa bljúgt á kné. Með íhaldshugarfari með gróðann númer eitt skima þau í allar áttir, komast vilja í feitt.

Og ef svo heldur áfram sem undangengið er  
þá er alveg auðséð hvernig þetta fer:  
Þá fara allir Norðmenn á bæinn smátt og smátt  
en Trausti og Tóta hringla í krónum sælt og kátt.  
Í bílanefnd hjá aksjóninni Hafþór skipar sess  
inn og út úr bílnum má hlaupa og segja: „Bless!“  
Því Hafþór er á flugi og ferð um allan bæ  
með blöð og merki og áróður um Íslands kalda sæ.  
Og allir segja: „Auminginn er eins og útspýtt skinn“ –  
en það er létt að leiðrétta þann ranga skilning þinn.  
Því Hafþór selur sápu eins og sölumanni ber  
svo hann þarf út um bæinn að atast hvort sem er.  
En Sirrí líka í reddið sinn lætur vélargand  
en hún gerir það um leið og hún ekur Jóni á stand.  
Og öll þau feikn af stoffi sem pressunefnd hefur gjört  
fékk Sirrí strax að vélrita á stenslablöðin svört.  
Og að kenna í brjósti um Sirrí fyrir þetta svitaverk  
er svo sem indæl hugsun og ákaflega merk.  
En það er alveg óþarft, ég get borið vitni um það  
því það er hennar eftirlæti að pikka orð á blað.  
Því þegar hún er að vélrita vex upp hennar þrá  
hún fer í kapp við sjálfa sig með sælusvip á brá.  
Og gæti hún ekki djöflast svona dag og nótt og kvöld  
væri hún hrygg og geðvond og glær og fúl og köld.  
En yfir öllu trónir formaður í FÍSN  
en honum þykja ósköp þessi alltof mikil býsn.  
En félagshagur ræður og framavonin sterk  
þau lifa í Íslandssögunni þessi landans verk.  
Og það sem aldrei gleymist og sagan geymir traust  
er hver hafi verið formaður þetta frægðarhaust.  
Og þess má gjarnan vænta að eftir tvö-þrjú ár  
þeir berjist um sæti á framboðslista Logi og Diddi smár.

Já þannig endar sagan eða svona hér um bil  
en að þið skulið dá þetta ég ómögulega skil.  
En þótt þeir séu lélegir og landhelgin sé kröpp  
legg ég til við færur þeim fáein lítil klöpp.

*Gvendur Smali*